



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Björgunarsveitin Brimrún
Strandgötu 11
735 Eskifjörður

Reykjavík 13. apríl 2022
Tilv.: UMH22030085/8.14

Vísað er til erindis yðar, f.h. Björgunarsveitarinnar Brimrúnar, sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 23. mars sl. þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi til að vera með flugeldasýningu á Skíðasvæði í Oddskarði upp við gömlu göngin þann 17. apríl 2022 á tímabilinu frá kl. 22:30 til 23:30. Frekari upplýsingar bárust með tölvupósti þann 31. mars og 1. apríl sl. Ábyrgðarmaður sýningarinnar er Fannar Ingi Eiríksson og skotstjóri er Nikulás Kristjánsson.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Flugeldasýning er starfsemi sem fellur undir 23. tölul. viðauka IV laga nr. 7/1998 með síðari breytingum nr. 66/2017.

Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 6. apríl sl. um tímabundnar undanþágur frá starfsleyfum fyrir flugeldasýningar kemur fram að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Flugeldasýningar sé starfsemi sem fellur undir 23. tölul. viðauka IV. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Í 1. mgr. 6. gr. laga laganna og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, komi fram að ráðherra sé heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðisnefndar Austurlands hafi umsókn um starfsleyfi verið móttékin 23. mars sl. Starfsleyfistillaga hafi ekki verið auglýst. Í beiðni umsækjanda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að önnur björgunarsveit hafi ætlað að halda sýningu en hafi vantað mannskap svo Brimrún hafi tekið við en fengið að vita of seint af því. Umhverfisstofnun vill benda á að skilyrði fyrir undanþágu sé að rík ástæða mæli með því að hún sé veitt. Stofnunin telji að ekki sé komin fram nægilega skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi. Skipuleggjendur og umsækjandi hafi mátt sjá fram á að útgáfa starfsleyfis fyrir

flugeldasýningu gæti tekið tíma og sjái stofnunin ekki að rík ástæða eða brýn þörf sé til staðar fyrir veitingu undanþágu. Umhverfisstofnun telji því æskilegra að starfsleyfisútgáfan fylgi lögmaetu ferli og starfsleyfi gefið út. Stofnunin leggur til, verði undanþága veitt, að hún verði háð tilteknum skilyrðum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 12. apríl sl. kemur fram að heilbrigðisnefnd hafi mótttekið fullnægjandi umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningu þann 22. mars sl. Þá þegar var ljóst að ekki næðist að uppfylla kröfu um 4 vikna auglýsingu á tillögu að starfsleyfi eins og gerð er krafa um í reglugerð 550/2018. Umsækjanda var bent á þetta og athygli hans vakin á þeim möguleika að óska eftir undanþágu ráðherra frá kröfu um starfsleyfi. Í umsögninni kemur einnig fram að í svari Brimrúnar hafi komið fram að upphaflega hefði verið gert ráð fyrir að björgunarsveitin Gerpir í Neskaupstað sæi um fyrirhugaða flugeldasýningu. Síðar hefði komið í ljós að Gerpir hefði ekki yfir nægum mannafla að ráða til að standa að sýningunni og því hefði verið leitað til Brimrúnar.

Heilbrigðisnefndin bendir á að Björgunarsveitin Brimrún hafi fengið undanþágu frá starfsleyfi vegna flugeldasýningar um sl. áramót þar sem umsókn um starfsleyfi hafði borist of seint. Því hefði forsvarsmönnum Brimrúnar átt að vera ljós krafa um 4 vikna kynningartíma tillögu að starfsleyfi. Á umsóknareyðublaði vegna leyfis til skoteldasýninga á vef lögreglunnar kemur nú fram að sækja þurfi um slíkt leyfi með 5 vikna fyrirvara. Heilbrigðisnefndin tiltekur þó að fyrir liggja jákvæð umsögn frá Slökkviliði Fjarðabyggðar og leyfi landeiganda. Þá liggja fyrir að bæjarstjórn Fjarðabyggðar gerir ekki athugasemdir við að flugeldasýningin verði haldin. Heilbrigðisnefnd hafi mótttekið fullnægjandi umsókn um starfsleyfi og upplýsingar um að umsókn hafi borist hafa legið fyrir á heimasíðu heilbrigðisnefndarinnar síðan 23. mars sl. Fyrirhuguð flugeldasýning hefur verið auglýst sem hluti af „Páskafjör í Fjarðabyggð“ sem fram fer um páskana bæði í staðarblöðum og samfélagsmiðlum. Að mati heilbrigðisnefndarinnar eru engar ríkar ástæður sem mæla með því að veita undanþágu frá starfsleyfi vegna flugeldasýningarinnar. Þó má líta til þess að fyrirhuguð starfsemi hefur verið kynnt nokkuð víða, hún mun einungis standa yfir í skamman tíma, fjarri íbúabyggð og það liggja fyrir jákvæðar umsóknir frá slökkviliði og landeiganda. Að framansögðu gerir Heilbrigðisnefnd Austurlands ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága frá starfsleyfi vegna flugeldasýningar í Oddskarði verði veitt

Í ljósi framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Austurlands og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, veitir ráðuneytið hér með Björgunarsveitinni Brimrúnu kt. 710186-1389 undanþágu frá starfsleyfi fyrir tíu mínútna flugeldasýningu á Skíðasvæði í Oddskarði upp við gömlu göngin 17. apríl 2022 á tímabilinu frá kl. 22:30 til 23:30. Fannar Ingi Eiríksson kt. 180900-2330 er ábyrgðarmaður sýningarinnar og Sigurður Nikulás Kristjánsson kt. 090377-5909 er skotstjóri.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að fyrir liggja leyfi lögreglustjóra sem og ábyrgðartrygging váttryggingafélags og jákvæð umsögn heilbrigðisnefndar.
2. Að skotsvæðið sé hvorki friðlýst né á vatnsverndarsvæði og að það hafi verið notað áður sem skotsvæði fyrir flugeldasýningar.
3. Að fram sé komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar.
4. Ábyrgðarmaður flugeldasýningarinnar, ber ábyrgð á því að starfsemin sé í samræmi við gildandi löggjöf og að upplýsingar sem hann veitir um starfsemina séu réttar.
5. Eigi færri en tveir menn skulu sjá um framkvæmd sýningarinnar.
6. Áður en undirbúningur flugeldasýningar hefst skal afmarka öryggissvæði með áberandi hætti, t.d. renningum, í a.m.k. 18 metra fjarlægð.
7. Á meðan skotið er skal afmarka öryggissvæðið frá áhorfendum með eftirfarandi hætti:
 - a. 30 metrar fyrir „skotkökur og gos“.
 - b. 100 metrar fyrir „bombur“ 150 mm (6 tommur) eða minni að þvermáli.
 - c. A.m.k. 130 metrar fyrir stærri skotelda en um getur í lið b.
7. Skothólkar skulu vera úr pappa, plasti, trefjaplasi, eða öðrum sambærilegum efnum og þannig gerðir að ekki stafi hætta af hlutum þeirra ef þeir springa. Endurhleðsla í skothólka og notkun járnhólka er bönnuð.
8. Skothólka skal skorða varlega.
9. Á skotstað skal vera fullnægjandi slökkvibúnaður, minnst tvö slökkvitæki fyrir A-elda, til dæmis

9 lítra vatnsslökkvitæki með slökkvimátt 13A samkvæmt staðlinum ÍST EN3.

10. Allir sem starfa á skotsvæði skulu vera búnir hjálmi með andlitshlíf og fatnaði úr tregtendranlegum efnum.
11. Reykingar eru bannaðar á skotstað.
12. Sýninguna má ekki hefja fyrr en skotstjóri hefur yfirfarið öryggisþætti og gefið leyfi fyrir skotum.
13. Ábyrgðarmaður skal tryggja að farið verði í einu og öllu eftir fyrirmælum lögreglunnar á Austurlandi, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlit Austurlands.
14. Hefja má flugeldasýningu ef veður og aðstæður leyfa þann dag og tíma sem tiltekið er í leyfi lögreglustjóra og umsögn heilbrigðisnefndar. Sé veðráttá eða vindátt óhagstæð skal fara að tilmælum lögreglu.
15. Starfsemin skal lúta ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og laga nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda, eins og við á.
16. Vöktun á flugeldasýningu skal vera samfelld. Að sýningunni lokinni skal gengið úr skugga um að engir ósprungnir skoteldar séu eftir á svæðinu. Ósprungnum skoteldum skal eytt, sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 414/2017 um skotelda. Leyfishafa ber jafnframt að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem flugeldasýning hefur farið fram. Skoteldaúrgangi ber að skila á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.
17. Viðhafa skal sérstaka varkárni og nærgætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun, samkvæmt náttúruminjaskrá, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Framangreind skilyrði taka mið af bestu aðstæðum. Bent er á að lögreglan getur gert frekari staðbundnar kröfur ef aðstæður krefja. Bent er á að fylgja ber tilmælum stjórnvalda um sóttvarnir og samkomutakmarkanir vegna farsóttar eftir því sem við á.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Kjartan Ingvarsson

Trausti Ágúst Hermannsson

Samrit: Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis
Lögreglan á Austurlandi